

# Hverju svaraði Jesús lögvitringnum?

*Miskunnsami Samverjinn*  
—Misskildasta dæmisaga Nýja testamentisins—  
*Lúk. 10:21–37.*

<sup>21</sup>Á sömu stundu varð hann glaður í heilögum anda og sagði: „Ég vegsama þig, faðir, herra himins og jarðar, að þú hefur hulið þetta spekingum og hyggindamönnum, en opinberað það smælingjum. Já, faðir, svo var þér þóknanlegt.

<sup>22</sup>Allt er mér falið af föður mínum, og enginn veit, hver sonurinn er, nema faðirinn, né hver faðirinn er, nema sonurinn og sá sem sonurinn vill opinbera hann.“

<sup>23</sup>Og hann sneri sér að lærisveinum sínum og sagði við þá einslega: „Sæl eru þau augu, sem sjá það sem þér sjáið. <sup>24</sup>Því að ég segi yður: Margir spámenn og konungar vildu sjá það sem þér sjáið, en sáu það ekki, og heyra það sem þér heyrið, en heyrðu það ekki.“

<sup>25</sup>Lögvitringur nokkur sté fram, vildi freista hans og mælti: „Meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“

<sup>26</sup>Jesús sagði við hann: „Hvað er ritað í lög málinu? Hvernig lest þú?“

<sup>27</sup>Hann svaraði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig.“

<sup>28</sup>Jesús sagði við hann: „Þú svaraðir rétt. Gjör þú þetta, og þú munt lifa.“

<sup>29</sup>En hann vildi réttlæta sjálfan sig og sagði við Jesús: „Hver er þá náungi minn?“

<sup>30</sup>Því svaraði Jesús svo: „Maður nokkur fór frá Jerúsalem ofan til Jeríkó og féll í hendur ræningjum. Þeir flettu hann klæðum og börðu hann, hurfu brott síðan og létu hann eftir dauðvona. <sup>31</sup>Svo vildi til, að prestur nokkur fór ofan sama veg og sá manninn, en sveigði fram hjá. <sup>32</sup>Eins kom og levíti þar að, sá hann og sveigði fram hjá. <sup>33</sup>En Samverji nokkur, er var á ferð, kom að honum, og er hann sá hann, kenndi hann í brjósti um hann, <sup>34</sup>gekk til hans, batt um sár hans og hellti í þau viðsmjöri og víni. Og hann setti hann á sinn eigin eyk, flutti hann til gistihúss og lét sér annt um hann. <sup>35</sup>Daginn eftir tók hann upp tvo denara, fékk gestgjafanum og mælti: ‚Lát þér annt um hann og það sem þú kostar meiru til, skal ég borga þér, þegar ég kem aftur.‘

<sup>36</sup>Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni, sem féll í hendur ræningjum?“

<sup>37</sup>Hann mælti: „Sá sem miskunnarverkið gjörði á honum.“

Jesús sagði þá við hann: „Far þú og gjör hið sama.“

## Inngangur

Það er að finna ótrúlega margar og mismunandi túlkanir á þessum texta Lúkasarguðspjalls, og flestar eru þær biblíulega réttar þannig lagað séð, þ.e.a.s., þær stangast ekki á við heildarkenningu Biblíunnar út af fyrir sig, að því gefnu að við slítum sundur samhengið. Og það er einmitt það sem venjulega er gert. Þessum túlkunum er það því flestum sameiginlegt að þær missa marks hvað varðar að skýra hvað hér á sér raunverulega stað. Við þurfum alltaf að muna eitt, þegar við lesum einhvern texta úr Biblíunni: hann stendur aldrei einn. Hann þarf ávallt að skoða í samhengi – samhengi því sem hann stendur í gagnvart textanum í kring, að svo miklu leyti sem það á við, í samhengi sögunnar, þess tíma sem hann er ritaður eða sagður á og – ekki síst – samhengi Biblíunnar allrar.

Skipting Biblíunnar í kafla og vers hjálpar okkur vissulega við að leita og finna og muna hvar ákveðnir textar eru, ein einnig veldur þessi skipting truflun við að ná samhenginu. Biblían, GT og NT voru ekki rituð í köflum og versum. Það voru síðari tíma menn sem fyrst fóru að skipta ritunum í kafla, og það er ekki fyrr en árið 1550, sem útgáfa með endanlegri versaskiptingu, þeirri, sem við notumst við í dag, var prentuð. Það var prentari að nafni Robert Stefanus Estienne, sem lauk því verki og gaf út, og sagan segir að hann hafi unnið versaskiptingu NT á ferð í hestvagni frá París til Lyonne. Sonur hans taldi, samkvæmt sömu sögu, að það, hversu versunum er misskipt, hafi að nokkru verið um að kenna ójöfnum vegi. Sjá: <http://www.godward.org/archives/BS%20Notes/Bible%20Study%20Notes%20No%20one%20Pericope1.htm>.

Í textanum á undan frásögunni af lögvitringnum, Lk. 10:23-24, segir Jesús einslega við lærisveina sína:

„Sæl eru þau augu, sem sjá það sem þér sjáið. <sup>24</sup>Því að ég segi yður: Margir spámenn og konungar vildu sjá það sem þér sjáið, en sáu það ekki, og heyra það sem þér heyrið, en heyrdu það ekki.“

Hann vísar til þess sem þeir sjálfir höfðu lesið og heyrt lesið úr ritningunum og vísar þar með til spámanna og konunga, til sögu forfeðranna á liðnum öldum, þeirrar sögu, sem skráð er í Lög málinu, spámönnunum og ritningunum, þ.e. GT. Fyrir sjónum okkar stendur þá líklega saga Ísraels, saga af spámönnum þeirra og konungum. Við sjáum fyrir okkur Jesaja, Jeremía, Esekíel, Míka, Sál, Davíð, Salómon. Og það er út af fyrir sig rétt. Allir þessir horfðu á einhverjum tíma a.m.k. til þess að fyrirheiti Drottins Guðs rættust. En í raun er hér átt við þessa sögu alla og samhengi hennar í Ritningunni allri.

Hvað var það sem þessir mörgu spámenn og konungar vildu sjá og heyra?

„Augu mín tærast af þrá eftir hjálpraði þínu og eftir þínu réttláta fyrirheiti.“ Sl. 119:123

„Segið meðal þjóðanna: Drottinn er konungur orðinn! ... því að hann kemur“ Sl. 96:10,13

„En hversu torskildar eru mér hugsanir þínar, ó Guð...“ Sl. 139:17-18

Sl. 24. „Þér hlið, lyftið hjörtum yðar ... að konungur dýrðarinnar megi inn ganga.“ (v7)

Sl. 2:7 „Þú ert sonur minn, í dag gat ég þig“, v12 „Hyllið soninn...“.

Í Jh. 8:56 stendur:

„Abraham faðir yðar vænti þess með fögnuði að sjá minn dag, og hann sá hann og gladdist.“

og Lk.2:30:

„...augu mín hafa séð hjálpræði þitt sem þú hefur fyrirbúið...“ (Símeon)

Ennfremur:

„Og ég sagði: 'Hér er ég, send þú mig!'“ Jes. 6:8b

Í samhengi við það sem hann hafði rétt áður sagt í v. 21-22, vísar Jesús sem sé lærisveinunum á eftirvæntinguna eftir honum og uppfyllingu fyrirheitanna og hjálpræðisins allt frá upphafi Ritningarinnar til hans eigin tíma og orða, sem *eru* frá því fyrir grundvöllun heimsins, sbr. Jóh. 1:1 „Í upphafi var orðið, og orðið var hjá Guði, og orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði. Allir hlutir urðu [til] fyrir Hann...“ Og áfram vitnar Jóhannes í v. 14: „... og vér sáum dýrð hans...“

Jesús minnir þá jafnframt—eða kannski fyrst og fremst—á með þessum orðum og tilvísunum að spámennirnir og konungarnir (og ýmsir aðrir) höfðu jafnvel séð hjálpræðið *betur* en lærisveinarnir sjálfir, sem þó höfðu hann fyrir augunum. Lærisveinarnir áttuðu sig á þessu eftir upprisuna og úthellingu Heilags Anda.

Það er inn í þetta samhengi sem Lúkas setur þessa sögu, hvort sem hún gerist akkúrat í beinu framhaldi af þessum atburði eður ei. Vel má vera að þetta sé í raun í beinu framhaldi af því þegar Jesús tekur á móti lærisveinunum 72, sem voru rétt komnir til baka úr ferð sinni, sem Jesús hafði sent þá í.

## Upphaf sögunnar

„Lögvitringur [lögmaður] nokkur [νομικός τί] sté fram [stóð upp]“

Það var venja, einkum í Samkundunum, að þeir sem vildu tala, stóðu upp til þess að fá orðið. Þeir sem hlýddu á mál annarra, einkum við kennslu, sátu. Það er ekki sagt hér að þetta hafi átt sér stað í Samkundunni, og líklegra er að það hafi verið í öðrum almenningi, en Synagóga eða Knesset, þýðir í raun bara samkoma, eða hópur samankominna manna, yfirleitt til samræðna eða til þess að leysa einhver mál. Gamla íslenska orðið *þing* gæti átt vel við hér. Þar sem Jesús fór, safnaðist fólk í kring.

Orðrétt þýðing er „Lögvitringur nokkur stóð upp“, ekki „sté fram“, eins og það er orðað í íslensku þýðingunni. Orðalagið bendir til þess að lögvitringurinn hafi verið að hlýða á mál Jesú einhverja stund. Kannski hafði hann hlýtt á móttökuorð Jesú til lærisveinanna? (v17-22.) Það skiptir ekki öllu máli. Það skiptir hins vegar máli að Lúkas setur þessa sögu inn í þetta samhengi.

Lögvitringar, eða lögmennirnir eða hinir skriftlærðu, voru menn, sem höfðu menntað sig í lögmáli Gyðinga, þ.e. lögmáli Móse og erfikenningum forfeðranna, til þess að geta dæmt út frá þeim í daglegum málum og til að túlka þau. Þeir gátu á dögum Jesú átt sæti í ráðinu (sanhedrin), sem m.a. getið er um í Mt. 26:59, og gátu tekið sæti þar sem dómamarar. Einnig höfðu þeir sjálfkrafa rétt til þess að lesa upp og túlka ritninguna í samkunduhúsunum. Það er lögvitringnum því hið eðlilegasta mál að standa upp til þess að tala yfir hópinn. Margir lögvitringanna voru farísear, en alls ekki allir.

„...vildi freista hans [til að reyna, prófa hann].“

Túlkendur eru mjög ósammála um hver tilgangur lögvitringans hafi verið. Orðalagið hér bendir ekki til að lögvitringurinn hafi verið að reyna að fella Jesú í gildru til þess að hægt væri að koma honum fyrir kattarnef með löglegum hætti, eins og sést hjá sumum túlkendum. Þetta er snemma á starfsferli Jesú og menn eru enn fyrst og fremst forvitnir, þó svo að einhverjir hafi sóst eftir lífi hans snemma á ferli hans (sbr. Jh. 5:18). Menn höfðu mismunandi skoðanir á túlkun lögmálsins og nægir þá að benda á ágreining saddúkea og farísea, auk þess sem ýmsir aðrir minni hópar höfðu jafnvel enn aðrar skoðanir. Menn reyndu gjarnan fyrir sér að veiða upp úr mönnum skoðanir þeirra og hefur það gjarnan verið háttur Gyðinga að fara ekki leynt með skoðanir sínar. Ég tel það alveg nægilega ástæðu hér. Það er fyrst í lok 11. kafla Lúk. að við sjáum að „farísear og fræðimenn [sému að] sitja um að veiða eitthvað af vörum hans.“ En þennan lögvitring langar að takast á við þennan mann, sem þegar hafði vakið athygli fyrir framferði sitt og skoðanir. Hann er ekki sendur af neinum. Hann langar einfaldlega í vitsmunaleg átök.

Einn stærsti ágreiningur farísea og saddúkea varðaði hugmyndir um eilíft líf og upprisuna. Farísear og essenar trúðu á upprisu og eilíft líf, en saddúkear ekki. Saddúkear trúðu heldur ekki á tilvist engla, öfugt við hina fyrrnefndu.

Lögvitringurinn setur fram grundvallarspurningu í hugmyndaheimi hinna skriftlærðu og faríseanna. Hann gengur út frá því að eilíft líf sé mögulegt, en ágreiningur var meðal farísea og ýmissa annarra um hvernig ætti að öðlast það. Hann virðist hafa heyrt að Jesús hafi einhverja skoðun á því máli.

“Meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?”

Í frumtextanum stendur: „Meistari, hvað á ég að gjöra til þess að **erfa** eilíft líf?“ og þannig er það þýtt á flestum tungumálum. Við tölum um okkar himneska arf og eigum þá við eilífa lífið, sem þeim er fyrirbúið, sem elska Jesú og hafa laugast í blóði hans. Gyðingar töluðu einnig um að erfa eilíft líf. Arfurinn var fyrirbúinn vegna Abrahams. Þeir voru „synir Abrahams“, sbr. Jh.

8:39. Hvað nákvæmlega lögvitringurinn átti við með „eilífu lífi“ er ekki á hreinu. Yfirleitt trúðu Gyðingar á „hið Komandi ríki“, þar sem Messías mundi ríkja. Flestir töldu að það ríki væri jarðneskt ríki, en farísear trúðu líka á upprisuna. Fyrst mundi Messías koma, þ.e.a.s. þegar þjóð hans væri orðin nægilega hreinlíf og fullkomin samkvæmt lögmálinu. Það var jú krafa lögmálsins, er það ekki? Svo var það líka þannig að það voru þeir sem lifðu samkvæmt lögmálinu, sem risu upp frá dauðum á efsta degi. Arfurinn fékkst ekki án verðskuldunar. Til hans varð að vinna með því að uppfylla lögmálið. „*Margir spámenn og konungar vildu sjá það sem þér sjáið,*“ sagði Jesús. Þeir höfðu skilið *fagnaðarerindið í „Lögmálinu“*, þ. e. Mósebókunum og öðrum ritningum sem þeir höfðu aðgang að og í Orðinu, sem Drottinn talaði til þeirra. Gyðingarnir höfðu ekki skilið það og þjónuðu bókstafnum, þ.e. lögmálinu, eða eins og Páll kallar það, voru lögmálsdyrkendur. Lögvitringurinn var einn þeirra.

Gyðingar, þ. e. júdaistar, þeir sem tóku við af Ezra og Nehemía eftir heimkomuna frá Babýlon, og enduruppbyggingu mustersins, trúðu því að Guð hefði gefið Móse og þjóðinni lögmálið. En þeir ályktuðu sem svo: Fyrst Guð hefur gefið okkur lögmálið, þá hlýtur hann að reikna með að við eigum að geta lifað eftir því og uppfyllt það að svo miklu leyti sem í mannlegum mætti stendur. Hann hefði engan veginn farið að gefa okkur eitthvað, sem við gætum ekki nýtt okkur eða ráðið við að framkvæma. Maðurinn getur hins vegar fallið í synd og getur drýgt synd óafvitandi. Ritningin lýsir Guði sem náðugum og fyrirgefandi, og reyni maður sitt besta, þá fyrirgefur hann það sem upp á vantar. Þetta er inntak trúar Gyðingdómsins. Og þessu ræðst Jesús víða gegn sem hræsni. Orðið hræsni *hypokrisis* þýðir einfaldlega „leikur“, að leika einhvern sem maður ekki er. Gyðingar þeir, sem höfðu þessa trú, eru sem sé að þykjast vera það sem ekki er hægt, menn, sem geta uppfyllt lögmálið. Jesús gengur jafnvel svo langt að segja að þeir sem eru þessarara trúar „eigi djöfulinn að föður“ (Jh. 8:44, sbr. 8:42).

Til þess að minni líkur væri á því að menn syndguðu óafvitandi, fóru menn að túlka lögmálið strangar. Upp úr þessu spratt faríseisminn. Hann bætti því við að þeir hreinlífu ættu að vera öðrum gott fordæmi. Það er sá þáttur faríseismans, sem við þekkjum best, en undirliggjandi er hin bjargfasta trú þeirra á að menn geti með eigin vilja og því sem Guð hjálpar þeim til, uppfyllt lögmálið nægilega vel til þess að þeir geti orðið erfingjar eilífs lífs. Um þetta hafa sjálfsagt verið eitthvað mismundandi skoðanir meðal Farísea og hinna skriftlærðu.

Út frá orðalagi textans og sjálfsagt einnig út frá þeirri umræðu, sem átti sér stað í þjóðfélaginu um þessi málefni, er líklegast að gera ráð fyrir að lögvitringurinn vilji heyra hlið Jesú á þessu máli. Það er farið að tala um hann sem spámann. Hugsanlega eru einhverjir farnir að ímynda sér að hugsast gæti að hann væri Messías. Ef svo væri, væri það óvænt, því að lögvitringurinn getur ekki séð að fólkið lifi nægilega vel eftir lögmálinu. En ef Jesús er spámaður, þá gæti verið að hann kæmi með einhverja nýja sýn á málið.

Jesús svarar lögvitringnum:

„Hvað er ritað í lögmálinu? Hvernig lest þú?“

Hefðum við ekki átt von á að Jesús kæmi beint að efninu og segði manningnum að trú á Jesú? Ekki segir hann: „Komdu og sjáðu.“ Ekki vitnar hann í fjallræðu sína. Og ekki segir hann: „Syndir þínar eru fyrirgefnar.“ Né heldur segir hann eins og við lögvitringana síðar (Lk. 11:52): „Vei yður, þér lögvitringar! Þér hafið tekið brott lykil þekkingarinnar. Sjálfir hafið þér ekki gengið inn, og þeim hafið þér varnað, sem inn vildu ganga.“ Hann segir hins vegar „Hvað er ritað í lömálinu? Hvernig lest þú?“ Eða: „hvernig lest þú upp?“

Lögvitringarnir voru í hópi þeirra, sem voru sjálfsagðir til að lesa upp úr ritningunni í samkunduhúsunum og að túlka þá texta. Til þess höfðu þeir „próf“ og réttindi. Jesús bendir lögvitringnum sem sé réttilega á að hann eigi að vita þetta allt. Hann eigi að þekkja orð Guðs, Ritninguna. Jesús innir hann sem sé eftir því, sem hann les svo oft upp í bænaskomunni í samkunduhúsinu. Og ekki stendur á svari lögvitringans við þessari áeggjan og hann þylur upp samantekt úr tveimur ritningarstöðum, sem Gyðingar (farísear meðtaldir) voru sammála um að væru kjarninn í lögmálinu og fæli í sér boðorðin öll. Þeir höfðu tekið þetta saman og svona var það lesið upp í samkundunni:

„Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (v27)

Boð Gyðinga voru orðin 630, og þetta var eitt þeirra og er tekið saman úr 5. M. 6:5 og 3. M. 19:18. Tökum eftir því að lögvitringurinn les þetta með þeirri viðbót, sem farísear hafa bætt við textann: „og öllum huga þínum“. Hinir skriflærðu, eða lögvitringarnir bættu gjarnan við og Jesús gagnrýnir þá oft fyrir það, en hér er viðbótin viðeigandi. Það sjáum við af svari Jesú.

Þessi orð voru rituð yfir dyrum margra trúaðra Gyðinga og þeir báru ennisband með þessum orðum í „bænunum“ í samkundunum, en svo voru „guðsþjónustur“ þeirra nefndar. Samantektin er réttmæt. Kærleikur okkar til Guðs á að spretta út úr allri okkar tilveru, hjarta, sálu, kröftum okkar og huga. Og náungi okkar á að fá ekki minni skerf af kærleika okkar heldur en við sýnum sjálfum okkur. Okkur á að vera jafn annt um að hann njóti fæðis, klæða, réttinda, þæginda, þekkingar o.s.frv. og við sjálf og að honum líði eins vel og okkur. Enda samþykkir Jesús þetta:

„Þú svaraðir rétt.“ (v28a)

Og Jesús bætir við:

„Gjör þú þetta og þú munt lifa.“ (v28b)

Þú munt eignast eða erfa eilíft líf, ef þú „gerir“ þetta, þ.e.a.s. ef þú ert svona. Sá sem er svona erfir eilíft líf, eða á eilíft líf.

„En hann vildi réttlæta sjálfan sig.“

Augljóst er að áherslan í orðum Jesú stingur lögvitringinn í hjartastað. Annars fyndi hann ekki þörf hjá sér til þess að réttlæta sig. En hann er í afneitan og spyr til þess að réttlæta sig í eigin augum og helst í augum Jesú líka:

„Hver er þá náungi minn?“ (v29b)

Guð telur hann sig þekkja, enda lögvitringur, en það er eitthvað óvissara með náungann. Gyðingar töldu sér ekki skylt að elska kúgara sína, Rómverjana. Þvert á móti. Þeir voru heiðingjar og tilheyrðu ekki hinni útvöldu þjóð. Móse hafði ekki verið sendur til þeirra, heldur til Ísraelsmanna. Síðan voru líka þeir sem verri voru en venjulegir heiðingjar, þeir, sem eitt sinn höfðu tilheyrt Ísrael, en höfðu brugðist illilega og blandast heðingjum í leifum Norðurríkisins, Samverjarnir. Þá bar að hata. Og svona var sitthvað fleira. Það var hvergi skilgreint í Lögmálinu, hvað fælist í orðinu náungi. Eru það þeir, sem lifa eftir lögmálinu? Vissulega. Eru það þeir, sem reyna að lifa eftir lögmálinu, en misstíga sig. Já, svo lengi sem það gerist ekki of oft og um of. Talar ekki Guð um að hann hati syndara? Eigum við þá ekki að hata þá líka?

Þrátt fyrir þessar útskýringar síðgyðingdómsins og faríseanna, þá er það eitthvað við orð Jesú, sem vekur samvisku lögvitningsins. Hann stendur frammi fyrir því að hann hefur farið rétt með kjarnann í lögmálinu frammi fyrir manni, „sem talaði eins og sá sem valdið hefur“. „Gjör þú þetta...“

„Því svaraði Jesús svo.“ (V. 30).

Jesús skammar ekki lögvitringinn og fer ekki í þrætur við hann. Hann setur ekki harkalega ofaní við hann, þó að hann eigi að vita hver náungi hans er, þó að hann eigi að þekkja kærleika Guðs til allra manna, af því að það kemur svo vel fram í allri Ritningunni, bæði Lögmálinu, Spámönnunum og Ritningunum. Jesús hafði þegar í upphafi ferils síns, og sjálfsgagt ítrekað síðan, lagt áherslu á „nýja“ túlkun á boðorðinu um að elska náungann (Mt. 5:43-47). Ath. fjallræðan er stíluð á lærisveina hans, ekki „andstæðinga“ hans (sjá Mt. 5:1).

Nei, hér, eins og ávallt, reynir Jesús að leiðbeina út frá þeirri stöðu, sem viðmælandinn er í. Jesús sýnir eindæma nærgætni og skilning á mannsálinni. Hann segir lögvitringnum sögu.

Hvers vegna segja menn sögur í tilefni eins og þessu? Við þekkjum það úr okkar samtíma og raunveruleika, að við grípum gjarnan til þess að skýra hluti með dæmum eða líkingum. Við segjum: „*til dæmis*“ þetta eða hitt; „*þetta er eins og að*“ segja eða gera eitt eða annað. Þetta gerum við til þess að svara spurningum, gefa lausn á vandamálum o.s.frv. Hið sama á sér stað hér. Jesús hefur fengið tvær spurningar, auk þess sem hann er hér að tala við mann, sem hann sér að er ekki frelsaður, og Jesús er kominn til þess að frelsa. Við munum sjá hér á eftir að Jesús svarar báðum spurningum mannsins og segir honum jafnframt í hvaða stöðu hann er gagnvart Guði. Til þess þarf hann að stilla lögvitringnum upp við vegg, en án þess að hann fari í baklás eða lokist.

Grunnmerking orðsins Υπολαμβάνο (Hypolambano), sem venjulega er þýtt „að svara“, þýðir eiginlega að taka undir hönd einhvers og leiða afsíðis, taka eitthvað upp til að gæta þess, gera tillögu um eitthvað, taka fram í fyrir einhverjum, skilja (t. d. hvað einhver er að meina), grípa (í) einhvern. Kannski á að þýða þetta bókstaflega. Við getum þá séð að Jesús hafi leitt manninn

örlítið afsíðis, svo að meira næði sé til að einbeita sér að því sem hann ætlar að segja. Sagan á því ekki aðeins við síðari spurningu lögvittringsins eins og lesa má út úr íslensku þýðingunni.

Sagan, sem Jesús segir, er á mörkum þess að vera líkingarsaga og dæmisaga. Þó má segja að hún sé frekar dæmisaga, því að hún fjallar um dæmi úr daglega lífinu, nema hvað það varðar að líklega er það óþekkt á þeim tíma að Samverji fremji líknarverk á Gyðingi. Líkingarsaga er það þegar sagan er sett fram til þess að sýna líkindi með einhverju, án tillits til þess hvort sagan er dæmigerð fyrir eitthvað í daglegu lífi eður ei. Oft er þá sagan eitthvað á skjön við hinn þekkta veruleika.

Persónur dæmisögunnar eru:

A. Maður nokkur, sem fór frá Jerúsalem niður til Jeríkó.

B. Ræningjar.

C. Prestur.

D. Levíti.

E. Samverji.

F. Gestgjafi gistihúss (eigandi gistihúss).

## Sagan

„Maður nokkur fór frá Jerúsalem ofan til Jeríkó og féll í hendur ræningjum. Þeir flettu hann klæðum og börðu hann, hurfu brott síðan og létu hann eftir dauðvona.“

Hér er lýst ferð manns hina bröttu leið niður auðnina til Jeríkó. Sjálfsagt hafa menn á einhverjum tímum sett inn túlkun varðandi þessa ferð, að hana beri að skilja á allegórískan hátt eða á afleiddan hátt, þannig, að vegferð syndarans sé niður á við. Má vera að nokkuð sé til í því, en það er svo sem ekkert sérstakt sem styður þá túlkun sem eitthvað sem Jesús hafi ætlað lögvitringinum að skilja sem svo.

Leiðin frá Jerúsalem niður til Jeríkó er um 27 km, en hæðarmunurinn er yfir 1200 metrar. Leiðin lá víða um einstigi, þar sem ræningjar lágu gjarnan í leyni. Vegurinn var vaktaður en í óöldinni í lok 4. áratugarins gáfust menn upp á vaktinni og í staðinn hópuðust menn saman í „lestir“. Líklegast er að þessi fundur lögvittringsins og Jesú hafa átt sér stað á fyrsta starfsári Jesú, sem er að líkindum etthvert árið 26 - 28 e. Kr. miðað við að Jesús er að líkindum fæddur kringum árið 4 f.Kr. NT segir að Jesús hafi verið um þrítugt, þegar hann hóf starfsferil sinn, og það mundi þá hafa verið einhvern tíma á bilinu 26-28. Menn urðu ekki fullmyndugir fyrr en um þrítugt.

Maðurinn fellur sem sagt í hendur ræningja á þessum hættulega vegi og þeir ræna hann jafnvel fötunum og berja hann, væntanlega svo að hann komist ekki á flótta til þess að segja til þeirra, og skilja hann eftir dauðvona.

<sup>31</sup>Svo vildi til, að prestur nokkur fór ofan sama veg og sá manninn, en sveigði fram hjá.

Kannski hafði presturinn lokið vikulegu þjónustutímabili sínu í musterinu og var á leiðinni heim. Okkur hefði fundist eðlilegt að prestur aumkaði sig yfir illa leikinn mann, sem hann gengur fram á, en þessi prestur tekur á sig krók til þess að forðast manninn. Miðað við hvernig Jesús segir söguna, þá virðist þetta hátterni ekki óþekkt í þessari stétt á þessum tíma. Það virðist vera að presturinn sé svo firrtur mannlegri meðaumkvun, að hann víli fyrir sér að ómaka sig eða tefja á að sinna manninum. Auk þess hlaut maðurinn að hafa syndgað, fyrst slíkt hafði hent hann. Einnig er mögulegt að presturinn hafi óttast að verða fyrir árás ræningjanna úr launsátri, ef hann færi að stumra yfir manninum. Það er alla vega ljóst, að menn eyddu ekki meiri tíma en nauðsynlegt var á þessum vegi.

<sup>32</sup>Eins kom og levíti þar að, sá hann og sveigði fram hjá.

Sama er að segja um Levítann. Hann var jú ekki prestur, en hafði þó þessa sérstöku stöðu meðal Gyðinga, að hann átti að vera til reiðu til að þjónusta í musterinu. Leví hafði ekki fengið aðra arfleifð en þá að hinir ættflokkanir áttu að halda þeim og musteriþjónustunni uppi með tíundinni. Leví ætt fékk engum landskika úthlutað. Bæði presturinn og levítinn höfðu einnig þau forréttindi umfram aðra að þeir gátu gefið sig að Ritningunum í miklu meira mæli. Þeir áttu því að þekkja kærleikskröfu lögmálsins varðandi útlendinga, ekkjur o.s.frv. og einnig kærleikskröfuna varðandi sjúka, sem kemur kannski ekki mikið fram í lögmálinu, en því meira hjá Spámönnunum og í Sálmunum. Guð líknar. Levítar og prestar áttu að vinna líknarverk. Þeir hafa enga afsökun.

<sup>33</sup>En Samverji nokkur, er var á ferð, kom að honum, og er hann sá hann, kenndi hann í brjósti um hann, <sup>34</sup>gekk til hans, batt um sár hans og hellti í þau viðsmjóri og víni. Og hann setti hann á sinn eigin eyk, flutti hann til gistihúss og lét sér annt um hann.

Þetta hlýtur að hafa komið eins og köld gusa yfir lögvitringinn. Fyrirlitlegur Samverji að vinna líknarverk á Gyðingi. Líkast til er þessi Samverji kaupmaður í verslunarferð, sbr. v. 34. En Samverjinn hafði nokkuð til að bera, sem hinir höfðu ekki: meðaumkvun, samkennd og kærleika. Hjálpin kemur úr hinni óvæntustu átt.

*Viðsmjör* þýðir bara olía. ólívuolía, og *eykur* þýðir burðardýr. Samverjinn hreinsar sárin með olíu og víni. Þetta voru þau fyrstu hjálpar meðöl, sem menn höfðu til að hreinsa sár og lina verki. Síðan setur hann burðardýrið sitt undir hann. Með því er gefið í skyn að Samverjinn hafi þurft að taka á sig einhverjar byrðar vegna hinnar nýju byrði, sem burðardýr hans þurfti að bæta á sig.

Samverjinn skilur ekki manninn bara eftir, heldur bætir á sig byrðum hans vegna, dvelst hjá honum og annast hann.

Daginn eftir tók hann upp tvo denara, fékk gestgjafanum og mælti: ‚Lát þér annt um hann og það sem þú kostar meiru til, skal ég borga þér, þegar ég kem aftur‘ (v 35).

Samverjinn lætur sér ekki nægja að veita manninum, Gyðingnum, skyndihjálp og koma honum í hendur sinna eigin (Gyðinga), heldur felur hann gestgjafanum manninn og greiðir honum fyrir

og lofar að greiða það sem upp á vantar, fari kostnaðurinn fram úr þeirri upphæð, sem hann hefur þegar greitt. Gyðingar ættu að annast sitt eigið fólk, en Samverjinn vill tryggja að maðurinn nái fullum bata.

Hvað er Jesús að fara með þessari dæmisögu? Hver var síðari spurning lögvitringsins? Hún var: „Hver er þá náungi minn?“ En Jesús spyr:

<sup>36</sup>„Hver þessara þriggja sýnist þér *hafa reynst náungi* þeim manni, sem féll í hendur ræningjum?“

Sjáið hvernig Jesús snýr hlutunum við! Hvers vegna gerir hann það? Það er stóra spurningin. Málið er það að það er ekki Jesús sem snýr hlutunum á haus. Það erum við sem höfum gert það. Jesús snýr þeim aftur við þannig að þeir snúi rétt.

<sup>37</sup>Hann mælti: „Sá sem miskunnarverkið gjörði á honum.“

Rétt svarað. En svarið sem lögvitringurinn fær virðist snubbótt, og kann að virðast sagt í skætingi eða sem dómur:

Jesús sagði þá við hann: „Far þú og gjör hið sama.“

## Hver er maðurinn?

Hvernig skiljum við þetta svar Jesú? Hvað á hann við? „Far þú og gjör hið sama og hver?“ Þarna er lykillinn að sögunni. Réttari þýðing væri: „Far þú og gjör í samræmi við þessar aðstæður.“ eða: „Far þú og gjör eins,“ Eins og hver? Eins og presturinn? Levítinn? Gestgjafinn? Varla. Ræningjarnir? Engan veginn. Samverjinn? Aðalpersónan, „maður nokkur“, maðurinn, sem varð fyrir árás ræningjanna?

Við höfum nú kynnst lögvitringnum og kringumstæðunum aðeins. Því liggur ljóst fyrir að við verðum að spyrja: *Hvern gat lögvitringurinn samsamað sig við?*

Við útilokum strax ræningjana. Einnig virðist gestgjafinn hafa það litlu hlutverki að gegna að hans persóna komi ekki til greina, enda væri erfitt fyrir lögvitringinn að samsama sig manni í þeirri stöðu. Í fyrsta lagi væri það fyrir neðan virðingu hans og í öðru lagi þarf gestgjafinn að taka á móti hinum hataða og fyrirlitna Samverja. Það væri of mikið fyrir lögvitring. Það færi algerlega gegn trúarskoðun hans.

Lögvitringurinn getur engan vegin samsamað sig prestinum eða levítanum, því að það voru fastar stöður og hann er einfaldlega sjálfur í annari stöðu í þjóðfélaginu. Enda gat Jesús ekki verið að segja honum að fara og sýna sama skeytingarleysi og þeir sýndu.

Hann getur ekki samsamað sig Samverjanum, það er með öllu óhugsandi, því að Samverjar voru alltof fyrirlitnir af Gyðingum til þess. Þeirra trúarskoðun leyfði það ekki. Auk þess er það með öllu óhugsandi að Jesús hafi verið að ætla lögvitringnum að fara og bæta við hræsni sína með því að ganga um og sýna nú kærleiksverk til hægri og vinstri. Mundi það vinna honum hjálpræði? Er

Jesús allt í einu farinn að boða lögmálsverk? Hvað sagði Jesús ekki við Nikódemus? „*Sannlega, sannlega segi ég þér: Enginn getur séð Guðs ríki, nema hann fæðist að nýju.*“ (Jh. 3:3.). Ætti þá lögvitringnum bara að nægja að bæta nokkrum góðverkum við hræsni sína til þess að erfa eilíft líf?

Hvað segir Páll um Abraham? „*Hvað eigum vér þá að segja um Abraham, forföður vorn, hvað ávann hann?* <sup>2</sup>*Ef hann réttlættist af verkum, þá hefur hann hrósunarefni, en ekki fyrir Guði.* <sup>3</sup>*Því hvað segir ritningin: „Abraham trúði Guði, og það var reiknað honum til réttlætis.“* <sup>4</sup>*Þeim sem vinnur verða launin ekki reiknuð af náð, heldur eftir verðleika.* <sup>5</sup>*Hinum aftur á móti, sem ekki vinnur, en trúir á hann sem réttlætir óguðlegan, er trú hans reiknuð til réttlætis.“* Róm. 4:1nn. Hér verður að gera smá athugasemd við þýðinguna vegna þess að merking orðsins „vinnur“ í þessu samhengi er dálítið óljós og jafnvel villandi. Það er talið jákvætt að vinna og það er í fullu samræmi við Biblíuna. En hér er átt við þá sérstöku vinnu að vinna réttlætisverk sem duga til réttlætningar af hálfu Guðs, þannig að viðkomandi sé hans verður. Þannig er það skiljanlegra í þýðingunni 2007 sem segir í v. 4: „vinnur verk“, en enn verra í v. 5 þar sem segir „afkastar“, því að það er alls ekki verið að tala um afköst. Ýmsar erlendar þýðingar nota í staðinn: „Sá sem hefur verk“ (þ. e. réttlætis- eða góðverk) og „Sá sem ekki hefur verk“, (sem sé, hefur ekki slík verk sér til réttlætningar). Og munum það að lögmálið kom ekki fyrr en nokkur hundruð árum eftir dauða Abrahams.

Þá er aðeins einn eftir. Maðurinn, sem lenti í höndum ræningjanna. Maðurinn við veginn, aðalpersóna sögunnar og útgangspunktur hennar. Jesús hafði snúið spurningu lögvitringisins við. *Hvers vegna?*

Lögvitringurinn skilur nú að Jesús er að koma til hans sérstökum skilaboðum. Hann er að segja honum í hvaða stöðu hann sé gagnvart Guði, að hann sé í rauninni dauðvona og yfirgefinn af öllum, nema hinum miskunnsama Samverja, hlutverki, sem lögvitringurinn skilur að Jesús hefur tekið að sér. Jesús var hinn umdeildi og, af mörgum, hinn fyrirlitni, Nasareinn. „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“ spurði Natanael (Jh. 1:46). Hann umgengst syndara og Samverja. Þetta vissu menn.

Áhyggjur þess sem liggur barinn og rændur og allslaus við veginn eru ekki þessar: „Hver er náungi minn, hvern á ég að elska?“ Þeim sem þannig er komið fyrir er þörf á að þiggja hjálp og það er væntanlega það eina sem er í huga þessa manns. Þessa hjálp er þessi Samverji ekki bara reiðubúinn að veita, heldur veitir hann hana.

Þetta minnir óneitanlega á skilaboðin sem söfnuðurinn í Laódíkeu fær í Op. 3:17-19:

„Þú segir: ‚Ég er ríkur og orðinn auðugur og þarfnast einskis.‘ Og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér að þú kaupir af mér gull skírt í eldi, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði til að skýla þér með, að eigi komi í ljós vanvirða nektar þínar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. Alla þá, sem ég elska, tyfta ég og aga. Ver því heilhuga og gjör iðrun.“

Lögvitringurinn hefur til þessa talið sig ríkan, þ.e.a.s. einskis þurfandi. Jesús segir honum á nærfærinn hátt í líkingu að hann sé vesalingur, aumingi, allslaus, og nakinn og þurfi á hjálp og fyrirgefningu Jesú að halda. Við sjáum kærleikann sem knýr Jesú hér. Hér enduróma þemu úr GT, svo sem varðandi lækningu og smyrsl:

„Sjá, ég legg við hana umbúðir og græðslulyf og lækna þá og opna þeim gnægð stöðugar hamingju ... Og ég hreinsa þá af allri misgjörð þeirra ... og fyrirgef þeim allar misgjörðir þeirra ... og uppreisnar þeirra gegn mér.“ (Jer. 33:6-9)

„Eru þá engin smyrsl í Gíleað, eða er þar enginn læknir?“ (Jer. 8:22).

Einnig heyrum við, og ekki síst lögvitringurinn, sem kunnir sínar Ritningar, enduróminn af sögu Ísraels og forfeðranna og hvernig, þegar þeir viku af vegi hans og gengu gegn vilja hans, lentu í hrakningum líkt og maðurinn við veginn, og hvernig Drottinn síðan snýr sér að þeim til þess að líkna þeim. O. s. frv. Því betur sem við þekkjum Gamla testamentið, því betur heyrum við þennan enduróm í þessari sögu, og því betur skiljum við hvaða hugsanir hún hefur vakið í huga lögvittringsins.

Spurningin *„hver er þá náungi minn?“* verður því: *„hver reyndist náungi manningnum við veginn?“* Maðurinn við veginn hefur fundið náunga sinn, þann, sem elskar hann og hann má elska: Miskunnsama Samverjann, þ.e.a.s. Jesú sjálfan. Spurningin verður á endanum, það sem sagt er, ekki með beinum orðum, heldur óbeint, gegnum snúning sögunnar: *„Vilt þú elska þann sem reyndist náungi, Miskunnsama Samverjann, Jesú?“* Ert þú reiðubúinn til þess?

Maðurinn í sögunni tekur við hjálp Samverjans. *„Far þú og gjör hið sama,“* far þú og gjör eins og þessi maður. Ert þú, lögvitringur, tilbúinn að taka við mér, Jesú frá Nasaret sem Messíasi? Það er ég, sem hef smyrslin og umbúðirnar sem duga. Það er ég, sem greiði fyrir þig sjúkkravistina. Það er ég, sem kem þér til heilsu. Þetta eru skilaboðin, sem þessi frásögn skilur eftir gagnvart lögvitringnum. Jesús svarar hér því ekki aðeins spurningunni um *„hver er þá náungi minn?“* heldur einnig hinni: *„Hvað á ég að gera til að erfa eilíft líf?“*

Sagan rekur ekki hvernig viðbrögð lögvittringsins við sögunni voru. Viðurkenndi hann stöðu sína, sem maðurinn við veginn? Tók hann við tilboði Jesú um líkn? Svárið fáum við ekki að vita í þessu jarðlífi. En sagan er ekki sett þarna til þess að fylgja lögvitringnum eftir eða lífshlaupi hans. Hún er þarna handa okkur og til okkar. Hún er persónuleg spurning til okkar og setur okkur um leið í okkar stöðu. Staðan er þessi: Þarft þú að spyrja *„hver er náungi minn, hvern á ég að elska?“* Ef svo er, þá þarft þú fyrst að taka á móti líkn og lækningu Jesú Krists og að læra að elska hann. Annað verður hræsni.

## Gestgjafinn

Þá er eftir síðasta persóna og staður sögunnar, gistihúseigandinn og gistihús hans. Hvað er þar um að ræða. Hver gegnir hlutverki þeirra?

Eftir það sem á undan er gengið, held ég að við förum nærri um það. Það er kirkjan og hver einstakur kristinn maður. Þegar Jesús hefur frelsað einstaklinginn, þá felur hann kirkju sinni þann einstakling. Þar er hlutverk okkar gífurlega mikið. Og þetta er ekki síst, það sem hann vill segja lærisveinum sínum, þegar þeir síðar eru tilbúnir að taka við þessum skilaboðum eftir upprisuna: hver frelsaður maður er ykkur falinn, kirkju minni, söfnuði mínum, sem er jú líkami minn. Þið eruð hér í minn stað. Þegar er allt greitt fyrir þennan einstakling. Þið getið einskis krafist af honum aukreitiss. Þið getið ekki gert kröfu á að hann uppfylli einhvern hluta lögmálsins áður en ykkur þóknast að halda líknarstarfinu áfram. Vanti eitthvað uppá síðar, þá mun ég greiða það að fullu.

Sem lærisveinar Krists er reiknað með að við þurfum að kosta einhverju til. En Jesús heitir því hér að greiða það allt að lokum. Sbr.: *Þá sagði Pétur við hann: „Vér yfirgáfum allt og fylgdum þér.“ Jesús sagði: „Sannlega segi ég yður, að enginn hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, móður eða föður, börn eða akra vegna mín og fagnaðarerindisins, án þess að hann fái hundraðfalt aftur, nú á þessum tíma heimili, bræður og systur, mæður, börn og akra, jafnframt ofsóknunum, og í hinum komandi heimi eilíft líf.“* (Mk. 10:28-30).

Ennfremur má skilja þetta þannig að hann muni sjá til þess að þroska þennan einstakling, sem hann hefur falið kirkju sinni í hinu nýja lífi með sér, sbr. Fil. 1:6: *„Og ég fulltreysti einmitt því, að hann, sem byrjaði í yður góða verkið, muni fullkomna það allt til dags Jesú Krists.“* Kirkjunni, lærisveinum Jesú, er aðeins ætlað að halda utan um einstaklinginn og veita honum kærleika og hlýju og sjá til þess að hann fái hvíld og næringu, þ.e.a.s. samfélag og uppbyggingu í Orðinu, ekki bara líkamlega heldur líka fyrst og fremst andlega.

Jafnframt er Jesús að segja okkur það, að hver einstaklingur, sem frelsast inn í kirkju hans, í hvaða söfnuði sem hann lendir, hefur ekki frelsast fyrir verk gestgjafans sem einstaklings eða gestgjafa, heldur er hjálpræðið algerlega verk Jesú. Hins vegar fáum við að vera eitt með Jesú fyrir trúna á hann. Þá fær hann að starfa í gegnum okkur, svo lengi sem við leyfum honum að starfa en störfum ekki í eigin nafni og förum að segja: „Já, nú get ég.“ *„Hann á að vaxa en ég að minnka,“* sagði Jóhannes skírari. Jesús sagði: *„Hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki kross sinn daglega og fylgi mér, því að hver sem vill bjarga lífi sínu mun týna því, og hver sem týnir lífi sínu mín vegna, hann mun bjarga því.“* (Lk. 9:23-24). Gerum ekkert í eigin nafni. Við þurfum daglega að afneita sjálfum okkur og taka kross okkar og týna lífi okkar, svo að Jesús geti verið líf okkar (sbr. Kól. 3:4 — orðrétt: *„Þegar Kristur, líf vort, opinberast ...“*).

Hér eiga við upphafsorð þessa tilvitnaða kafla, v. 21:

„Ég vegsama þig, faðir, herra himins og jarðar, að þú hefur hulið þetta spekingum og hyggindamönnum, en opinberað það smælingjum. Já, faðir, svo var þér þóknanlegt.“

Breyttist lögvitringurinn úr spekingi og hyggindamanni í smælingja? Í hvaða stöðu erum við, þú og ég?

## Hvað er rangt við venjubundna túlkun?

Ég sagði hér í upphafi að flestum túlkunum væri það sameiginlegt að þær missa marks hvað varðar að skýra hvað hér á sér raunverulega stað.

Venjubundinn skilningur er sem sé sá að Jesús sé að segja lögvitringnum að hann verði að fara að elska ekki bara valda náunga, heldur einnig fyrirlitna. Hann verði að fara að huga að líknarverkum. Þá sé allt í lagi og hann sé klár fyrir himininn. Reyndar er venjan sú að hlaupa aðeins fram hjá þessu af því að það stendur svo augljóslega gegn fagnaðarerindinu, en bæði prestar Þjóðkirkjunnar og aðrir leyfa sér að túlka þetta fyrir almenningi þannig að þessi texti sé fyrst og fremst hvatning til þess að styðja hjálparstarf og vera síðan þokkalega almennilegur við náungann, einkum þá sem bággt eiga —alla vega þá sem við höfum viðurkennt í hjarta okkar að eigi bággt.

Ef við setjum dæmisöguna í beint samhengi við meginspurningu lögvitningsins, „*hvað á ég að gera til að erfa eilíft líf*“, þá sjáum við að þessi venjubundni skilningur stendur einfaldlega gegn öllu því sem Jesús kom hér til að gera og öllu því sem Jesús kennir.

Hann kom til þess að frelsa okkur undan oki lögmálsins, undan því ofurvaldi erfðasyndarinnar að okkur er beinlínis ómögulegt að elska náungann að því marki sem þarf, að því marki sem nægir Guði. Við getum ekki elskað Guð og þaðan af síður náungann, ekki einu sinni með „hjálp Guðs“. Það er ekki til sá efniviður í okkur, að hann geti notað hann. Guð varð að senda Son sinn til þess að deyja saklaus fyrir syndir okkar og rísa upp frá dauðum og vinna okkur þannig lausn. Þessa lausn verðum við að þiggja og það án verðskuldunar, segir Páll (Rm. 3:21-28). Hið gamla verður að deyja og nýtt verður að vera skapað. Við verðum að endurfæðast.

Sjáum hvað Páll segir um okkur í Rm. 1:18-2:16. Það er ekki fögur lýsing. Og við sjáum það af samhenginu þar að þar er ekki verið að lýsa einhverjum að okkar mati sérstaklega spilltum mönnum, nema að litlu leyti. Við erum svona spillt sjálf. Án Jesú erum við svona vonlaus sjálf.

Sjáum hvað Páll segir um hræsnina í Rm 2:17-24. Jesús kallar lögvitringinn ekki hræsnara, en vegna trúar hans, sem Jesús dæmir sem hræsni (leik, að þykjast eða reyna að vera eitthvað annað en maður er) í t. d. Fjallræðunni og Mt. 23:13-29, þá vitum við að hann tilheyrir þeim hópi. Það er útilokað að Jesús fari að vinna gegn sjálfum sér með því að segja þessum lögvitringi: „Það var ekkert að marka það sem ég sagði áður (í fjallræðunni) eða það sem Jóhannes skírari sagði“. Eins og áður er sagt, þá nálgast Jesús þennan mann samt ekki sem dómari yfir hræsnara heldur sem fjárhirðir, sem er að leita að hinu týnda og frelsa það.

Mt. 5:17-20. Jesús er ekki kominn til þess að afnema lögmálið, heldur til þess að uppfylla það.

Og þar í liggur fagnaðarerindið. Eins og Páll segir líka í Rm. 7:4-6, þá deyjum við í dauða Jesú til þess að verða öðrum gefnir, honum sem var uppvakinn frá dauðum ... og þjónum í nýjung anda, en ekki fyrnsku bókstafs (lögmálsins; bókstafurinn var orð sem Gyðingar notuðu gjarnan um lögmálið, sbr. Mt. 5:18). Aðeins þannig, með því að endurfæðast, með því að eignast

algerlega nýtt líf, líf sem gerir að verkum að Jesús getur búið í okkur, þá eignumst við líka allt með honum, ekki bara eilífa lífið, heldur einnig fullkomnun lögmálsins, vegna þess að hann hefur gefið okkur sína fullkomnun að gjöf. Þessa fullkomnun sjáum við ekki í þessu lífi. Miklu fremur sjáum við hjá okkur algjöran skort á heilagleika og fullkomnun. En okkur er gefin *löngun* til þess að lifa að vilja Guðs og að vilja og fyrirmynd Jesú í þeirri auðmýkt sem kemur af því að hafa séð okkur sjálf sem vesalinga og aumingja og fátæka og blinda og nakta frammi fyrir heilagleika Guðs og í þeirri stöðu þegið gjöf hans, fyrirgefningu syndanna. Fyrir okkur sem kristnum einstaklingum og söfnuðum, þýðir dæmisagan, að við eigum ávallt að vera tilbúin að taka við þeim, sem Jesús færir okkur. Lögvitringnum og öllum þeim, sem þurfa að spyrja „hver er þá náungi minn“, segir þessi saga: „Þú ert ekki í ástandi til þess að spyrja þessarar spurningar. Enginn getur elskað eins og elska ber samkvæmt lögmáli Guðs, nema hann hafi þegið líkn Jesú —endurfæðinguna. Taktu við þessari gjöf.“

Greinin var upphaflega fyrirlestur sem haldinn var í KFUM&K á Akranesi 2002. Hún að miklu leyti byggð á grein eftir Dr. Hugo Odeberg, fyrrum prófessor í Lundi í bókinni *Rannsakan — Verbum*, Kyrkliga Centralförlaget; — bókinni „I sjelesorg hos Jesus“ eftir Øivind Andersen guðfræðing og fyrrum skólastjóra Fjellhaug skoler, Ósló og fleiri ritum og ræðum eftir þá báða.